



351. stjórnarfundur Úrvinnslusjóðs þriðjudaginn 27. nóvember 2023 - kl. 14.45 – 17:30
Suðurlandsbraut 24, 2. hæð

Dagskrá samkvæmt fundarboði:

- A. Kosning varaformanns stjórnar
- B. Til kynningar
 - 1. Drykkjarfurnur - úttekt Environice
 - 2. Verkefnaáætlun vegna úttektar Ríkisendurskoðunar, staða
 - 3. Tilnefningar í hagsmunaráð
 - 4. Beiðni frá ÍGF varðandi hækkunar hlutfalls á endurgjaldi á pappír sem ber úrvinnslugjald, dags. 22. júní 2023
- C. Til ákvörðunar
 - 5. Starfsreglur stjórnar
 - 6. Ársreikningur
 - 7. Olíusamningur – um söfnun úrgangsolíu
 - 8. Beiðnir aðila um að gerast ráðstöfunar- eða þjónustuaðilar
- D. Framkvæmdastjóri segir frá stöðu í daglegum rekstri
- E. Fundargerð lögð fram til samþykktar

Fundinn sátu:

Stjórn:

Kristófer Már Maronsson, formaður (KMM),
Benedikt S. Benediktsson (BSB),
Guðný Hjaltadóttir (GH),
Hildur Hauksdóttir (HH),
Jón Viggó Gunnarsson (JVG)
Líf Magneudóttir (LM)
Lárus M.K. Ólafsson (LÓ)

Starfsmenn Úrvinnslusjóðs:

Sandra Brá Jóhannsdóttir (SBJ), framkvæmdastjóri
Margrét Kjartansdóttir (MK), fundarritari.

Gestir:

Stefán Gíslason, Environce

Samantekt ákvarðana fundarins:

- Stjórn kaus Lárus M.K. Ólafsson varaformann stjórnar
- Stjórn fól skrifstofu Úrvinnslusjóði að rýna niðurstöður skýrslu Environice og koma með tillögur að útfærslu úrbótatillagna ásamt tímaramma sem lagðar yrðu fyrir á næsta fundi stjórnar.
- Stjórn samþykkti tiltekna breytingatillögur á starfsreglum stjórnar, samþykkt að starfsreglur verði lagðar fyrir til samþykktar í endanlegri mynd á næsta fundi.
- Stjórn samþykkti að olíusamningur yrði lagður fyrir til samþykktar á næsta fundi.
- Stjórn fól skrifstofu Úrvinnslusjóðs að útbúa skipunarbréf fyrir þá aðila sem tilnefndir hafa verið í hagsmunaráð

Verkefni:

DAGSKRÁ

A. Kosning varaformanns stjórnar

Stjórn velur sér í samræmi við það sem kveðið er á um í starfsreglum stjórnar varaformann. Lagt er til að Lárus M.K. Ólafsson verði varaformaður og var það samþykkt.

B. Til kynningar:

1. Drykkjarfurnur, úttekt Environice

Stefán Gíslason mætir á fund til að kynna helstu niðurstöður skýrslu Environice um úrvinnslu drykkjarfurna sem úrgangs. Verkefni Environice var að svara tilteknum spurningum um úrvinnsluna. Helstu niðurstöður eru að núverandi fyrirkomulag sé formlega séð fullnægjandi við núverandi aðstæður en muni að öllum líkindum ekki uppfylla lagakröfur í náinni framtíð. Ferli flestra þeirra vinnsluaðila sem vinna drykkjarfurnur frá Íslandi er of stutt til þess að trefjar vinnist að fullu úr fernum, þó ekki sé hægt að segja fyrir með vissu hversu mikið vinnist af trefjunum.

Í skýrslu er að finna tillögur um úrbótaáætlingar sem miða að því að betur verði unnið úr efni og að úrvinnsla uppfylli framtíðarkröfur. Stefáni þökkur góð skýrsla og kynning. Stjórn óskar eftir að skýrsla verði birt á vef Úrvinnslusjóðs. Stjórn vísar því til skrifstofu að rýna úrbótatillögur og koma með áætlun um útfærslu þeirra. Drög að úrbótaáætlun verði þá lögð fyrir á næsta stjórnarfundum.

Lagt til og samþykkt að yfirferð liða nr. 2-4 hér á eftir færist aftur fyrir yfirferð vegna liða nr. 5-8. Stjórnarmenn GH og BSB víkja af fundi að lokinni yfirferð dagskrárliðar nr. 8 og sitja því ekki yfirferð liða B 2-4, D og E

2. Verkefnaáætlun vegna úttektar Ríkisendurskoðunar, staða

SBJ fer yfir stöðu verkefnaáætlunar sem gerð var til að verða við ábendingum sem fram komu í skýrslu Ríkisendurskoðunar.

3. Tilnefningar í hagsmunaráð

Sagt er frá tilnefningum þeirra hagsmunaaðila sem fengu boð um setu í ráðinu. Einnig því til hvers var horft þegar ákveðið var hverjum yrði boðið. Fram kemur að gert er ráð fyrir að aðilar sem telji sig eiga erindi í ráðið geti óskað eftir aðgangi að því og það verði þá stjórnar að taka afstöðu til slíkrar beiðni. Skipun ráðsins sé því ekki endanlega bundin við þá sem fengu boð og hafa þekkt það.

Lagt er til og samþykkt að útbúið verði erindisbréf fyrir tilnefnda aðila.

4. Beiðni frá ÍGF varðandi hækkunar hlutfalls á endurgjaldi á pappír sem ber úrvinnslugjald, dags. 22. júní 2023

Úrvinnslusjóði hefur borist erindi frá ÍGF varðandi endurgjald fyrir pappír. Við greiðslu á blönduðum pappír sem sendur er út í böggum hefur verið gert ráð fyrir að tiltekið hlutfall hans beri úrvinnslugjald. Þar sem verulega hefur dregið úr dreifingu prentaðra miðla frá þeim tíma þegar hlutfall var ákvarðað sé líklegt að nú sé vanáætlað magn þess pappírs sem beri úrvinnslugjald. SBJ leggur til að tekin verði sýni og endurmetið út frá niðurstöðum þeirra hvert hlutfallið eigi að vera. Einnig er sagt frá því að þjónustuaðilum hafi verið sendar spurningum um greiðslur til þeirra og gjaldtöku þeirra til úrgangshafa.

C. Til ákvörðunar

5. Starfsreglur stjórnar

Gerðar eru tillögur um breytingu á starfsreglum stjórnar. Samþykktar eru tillögur um breytingar á ákvæðum um upplýsingagjöf til fjölmiðla þar sem verkaskipting milli framkvæmdastjóra og stjórnarformanns er skilgreind, tillögur um staðfestingu og samþykkt fundargerða sem og tillaga um að samþykkt ráðstöfunar- og þjónustuaðila verði eftirleiðis hjá skrifstofu Úrvinnslusjóðs út frá þeim ramma sem stjórn hefur sett. Lokaútgáfa starfsreglna verður lögð fyrir til samþykktar á næsta stjórnarfundum.

6. Ársreikningur 2022

Ársreikningur vegna ársins 2022 er lagður fram til staðfestingar. Lagt er til og samþykkt að fráfaramandi framkvæmdastjóri og núverandi stjórn staðfesti ársreikning.

Sagt er frá því að vinna við ársskýrslugerð sé hafin og að drög að henni verði lögð fyrir á næsta stjórnarfundum. Ekki er fyrirhugað að halda ársfund heldur frekar að kynnt verði starfsáætlun og stefna á fundum á fyrsta ársfjórðungi næsta árs. Nánari útfærsla á fyrirkomulagi við slíkan fund verður lögð fyrir á næsta stjórnarfundum.

7. Olíusamningur – um söfnun úrgangsolíu

Lögð eru fram lokadrög að samningi við Olíudreifingu og Skeljung um söfnun, meðhöndlun og ráðstöfun úrgangsolíu. Samningi er ætlað að leysa af hólmi samning sem gildir til og með 30. nóvember nk. Samþykkt var frestað til næsta fundar og var skrifstofu Úrvinnslusjóðs falið að kanna hvort hægt sé að framlengja núverandi samningi um mánuð.

8. Beiðnir um að gerast ráðstöfunar- eða þjónustuaðilar

Fyrir fundinum liggja beiðnir tveggja aðila um að gerast ráðstöfunaraðilar. Í ljósi staðfestinga breytinga á starfsreglum stjórnar er skrifstofu falið að afgreiða umsókn og upplýsa stjórn á næsta fundum um afgreiðslu málsins.

D. Framkvæmdastjóri segir frá stöðu í daglegum rekstri

E. Fundarritara var falið að ganga frá fundargerði og leggja fyrir stjórnarmenn næsta dag. Samþykkt var að gengið verði frá fundargerð innan tveggja virkra daga.

Ekki fleira rætt og fundi slitið kl. 17.15

Næsti stjórnarfundur verður haldinn þann 12. desember nk. kl. 8.30